

## VI. KAFLI

## Um reikningshald og endurskoðun.

165

20. des.

## 22. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið, og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

## 23. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

## 24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslur um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

## VII. KAFLI

## Um breyting samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

## 25. gr.

Tillögur er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, frá hreppabúnaðarfélagum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar til allra aðila er að samþykkt standa, samkvæmt 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögnum búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingar með að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn ræktunarsambandsins senda Búnaðarfélagi Íslands breytingarnar, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

## 26. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og lögsmætur aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

## 27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

## 28. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. desember 1946.*

**Pétur Magnússon.**

*Árni G. Eylands.*